

Bæjarstjórn - 1953

FUNDARBOÐ

**1953. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 30.
apríl 2025 og hefst kl. 16:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar

Breyting á fulltrúa Viðreisnar í fræðsluráði:

Júlíus Andri Þórðarson Lindarbergi 6 kemur inn sem varaáheyrnarfulltrúi í fræðsluráð í stað Auðbergs Magnússonar.

2. 2504581 - Ársreikningur Hafnarfjarðarhafnar 2024

1. liður úr fundargerð hafnarstjórnar frá 22. apríl sl.

Lagður fram ársreikningur Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2024.

Hafnarstjórn samþykkir ársreikning Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2024 og vísar honum til afgreiðslu í bæjarstjórn.

3. 2503664 - Straumhella 16, umsókn um lóð

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 10.apríl sl.

Lögð fram umsókn Þúsund fjala ehf. um lóðina nr. 16 við Straumhelli.

Tvær umsóknir liggja fyrir um lóðina og dregur fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin er út umsókn Þúsund fjala ehf. Til vara er Bæjarbyggð ehf. Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til Þúsund fjala ehf. og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

4. 2504007 - Dverghella 1, umsókn um lóð

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 10.apríl sl.

Lögð fram umsókn KB verks ehf. um lóðina nr. 1 við Dverghelli.

Fjórar umsóknir liggja fyrir um lóðina og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin er út umsókn KB verks ehf. Til vara er dregin út umsókn Gunnars Bjarnasonar ehf. Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni til KB verks ehf. og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

Fundargerðir

5. 2501140 - Fundargerðir 2025, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð bæjarráðs frá 10.apríl sl.

Áætlanir og ársreikningar

6. 2412949 - Ársreikningur Hafnarfjarðarkaupstaðar 2024 og fyrirtækja hans, fyrri umræða

1.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 10.apríl sl.

Lagt fram. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri, Andri Berg Haraldsson og Kristjana Sigurðardóttir mæta til fundarins.

Bæjarráð vísar ársreikningi til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

28.04.2025

Valdimar Víðisson bæjarstjóri